

Guðný Zoëga  
Kári Gunnarsson  
Hjalti Pálsson

# Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar VIII- byggðasögurannsókn



*Forsíðumynd: Þrælsgerði í Þórðarhöfða – Ljós. Hjalti Pálsson*




© Bygðasafn Skagfirðinga  
2014/151

# 1 EFNISYFIRLIT

---

2	Inngangur .....	2
3	Aðferðarfræði .....	3
4	Rannsóknir í Deildardal 2014 .....	5
4.1	Kot í landi Stafns .....	5
4.1.1	Rannsókn 2013 .....	6
4.1.2	Rannsókn 2014 .....	6
4.1.3	Hrappsá.....	9
4.1.4	Rannsókn 2013 .....	10
4.1.5	Rannsókn 2014 .....	11
5	Rannsóknir í Unadal 2014.....	14
5.1	Spáná .....	14
5.1.1	Rannsókn 2013 .....	15
5.1.2	Rannsókn 2014 .....	15
5.1.3	Bjarnastaðir .....	18
5.1.4	Rannsókn 2014 .....	19
5.1.5	Ljósstaðir/Lambaréttir .....	22
5.1.6	Eyjólfsgærði .....	23
6	Rannsóknir á Höfðaströnd 2014.....	24
6.1	Höfðakot (Höfðagerði/Höfðastekkur) .....	24
6.2	Húsanes/Réttarnes í Þórðarhöfða.....	28
6.3	Þrælsgerði í Þórðarhöfða .....	29
6.4	Þræstarstaðir .....	31
6.5	Flatatunga á Kjálka .....	32
7	Samantekt .....	35
8	Heimildir .....	37

## 2 INNGANGUR



Mynd 1. Kort yfir staðina sem rannsakaðir voru í Deildardal, Unadal og Höfðaströnd þar sem rannsóknir fóru fram sumarið 2014.

Undanfarin 11 ár hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa 64<sup>1</sup> staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.

Áhersla hefur verið lögð á staði sem komið hafa í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritarar. Oft er þá um að ræða staði sem heimildir nefna en hafa annað hvort týnst eða að fjöldi og gerð minja gefa til kynna eldri og/eða flóknari byggðasögu en ætluð hefur verið. Rannsóknin miðar einnig að því að gera heildstæðari könnun á byggðasögu jaðarsvæða svo sem hálendis, eyðidala, eyja og sellanda. Þannig hafa safnast upplýsingar um byggðaleifar sem ólíklegt er að hefðu orðið rannsóknarefni vegna þess hve úrleiðis þær eru. Gagnagrunnur sá sem til verður við rannsóknirnar er vistaður á Byggðasafni Skagfirðinga og útgáfa rannsóknarniðurstæðna á þess ábyrgð. Einnig er tæpt á rannsóknarniðurstöðum í Byggðasögunni en rannsóknirnar 2014 voru unnar í tengslum við útgáfu sjöunda bindis sem kom út í desember 2014.

<sup>1</sup> Sjá lista yfir staði sem rannsakaðir hafa verið aftast í skýrslu.

Sumarið 2009 fannst óvænt kirkjugarður frá 11. öld við byggðasögurannsóknir í Kolbeinsdal. Þar sem Byggðasafnið stendur að skrásetningu og rannsóknum fornra kirkjugarða í Skagafirði var ákveðið að skoða frekar staði sem mögulega kynnu að vera vísbendingar um forna grafreiti. Könnunarskurðirnir sem teknir voru sumarið 2014 voru annarsvegar gerðir í þeim tilgangi að athuga hvort um kirkjugarða væri að ræða og hinsvegar til að staðfesta aldur minjanna.

Fornleifarannsóknirnar 2014 voru að hluta áframhald rannsókna frá sumrinu á undan. Könnunarskurðir voru teknir í fornar minjar á Koti í landi Stafns og Hrappsár í landi Skuggabjarga í Deildardal. Könnunarskurðir voru einnig teknir á Bjarnastöðum í Unadal. Borkjarnar voru teknir á eftirfarandi stöðum; Þrælsgerði (Þrælagerði/Gerði) í landi Bæjar og Húsanesi/Réttarnesi, Höfðagerði (Höfðakoti/Höfðastekk) í landi Höfða, Lambaréttum í landi Ljósstaða og umhverfi bæjarhóls Ennis á Höfðaströnd. Kjarnar voru teknir á Eyjólfsgerði í landi Ár og á Bjarnastöðum í Unadal. Minjar voru einnig mældar upp. Auk þess voru teknir könnunarskurðir og borkjarnar að Flatatungu á Kjálka þar til að kanna hvort kirkjugarður kynni að vera á bílaplani við bæjarhúsin. Sá hluti rannsóknarinnar var ekki hluti af rannsókn vegna útkomu Byggðasögunnar.

Vettvangsrannsókn, heimildavinna, úrvinnsla og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings og starfsmanna Byggðasögunnar Kára Gunnarssonar og Hjalta Pálssonar. Bryndís Zoëga vann yfirlitskort í skýrslunni.

Minjastofnun Íslands veitti leyfi til rannsókna undir rannsóknarnúmerunum 2014050036 fyrir leyfi til borkjarnatöku og 2014050035 vegna könnunarskurðanna.

Samið var við Forvörsluvið Þjóðminjasafns Íslands vegna forvörslu gripa er kynnu að finnast en fundanúmer rannsókna útgefið af Þjóðminjasafninu var 2014-18.

### **3 AÐFERÐARFRÆÐI**

---

Minjar eru mældar upp með Trimble Geo7X staðsetningartæki með um 50cm skekkjumörkum. Hnitakerfið sem stuðst er við er ISN93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Stundum gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru könnunarskurðir teknir. Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Mismunandi er hversu marga kjarna þarf að taka en reynt er að stilla fjölda þeirra í hóf. Jarðlögin í kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum.

Könnunarskurðir eru hafðir eins fáir og litlir og unnt er bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Ef komið er niður á flóknar mannvistarleifar er skurðunum lokað án

frekari rannsóknar. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáiast. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar. Sniðin eru svo hnitsett með Trimble 7X.



*Mynd 2. Gjóska í jarðvegssniði. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svart gjóskulína H1766.*

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

*Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:*

**H3** – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag.

**LnL** – Landnámslagið, grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

**Vj-1000** – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.

**H1104** – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

**H1300** – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300 e.Kr.

**H1766** – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.

Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins. Jarðlög eru einnig aðgreind með númerum í hornklofum í texta. Á yfirlitsteikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri að lit. Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit. Hnitaskrá yfir minjar og töflur með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu. Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjörnum.

## 4 RANNSÓKNIR Í DEILDARDAL 2014

---



*Mynd 3. Forn hringlaga garðlag, ein þriggja minja á Kotinu sem könnunarskurðir voru teknir í sumarið 2014.*

### 4.1 KOT Í LANDI STAFNS


Leifar fornbylís fundust við vettvangsrannsóknir sumarið 2013. Um var að ræða tvær aflangar fornlegar tóftir og hringlaga gerði en einnig var þar að finna yngri minjar, tóftir af fjárhúsum, rétt og öðrum byggingum. Minjarnar liggja í nokkurri brekku um 600 metrum utan (vestan) við Stafn um 70-100m upp frá Deildardalsá.

Einu heimildir um hjáleigu eða afbýli frá Stafni er að finna í örnefnaskrá Jóns H. Árnasonar frá 1938 en þar segir: „Utan við túnið á Stafni er tóft, sem er grasgróin. Það heitir á Koti. Til forna mun þetta hafa verið hjáleigukot frá Stafni".<sup>2</sup> Þessi lýsing er skásta ritaða heimildin um það sem mætti kalla fornbylið Kot í landi Stafns. Steinar Þórðarson frá Háleggsstöðum er enn stuttordari í sinni örnefnalýsingu fyrir Stafnsland. „Næst Strangalæk er Magnúsarengi og nær suður að Jarðfalli. Þar er Kotið á hólrana".<sup>3</sup> Ekki er getið um hjáleigu frá Stafni í jarðabókinni árið 1709 eða yngri jarðarlýsingum. Þetta eru furðulega litlar upplýsingar um þetta býli sem þó augljóslega hefur verið þarna í fyrndinni.

---

<sup>2</sup> Örnefnalýsing úr Deildardal eftir Jón H. Árnason.

<sup>3</sup> Örnefnaskrá Stafns eftir Steinar Þórðarson.



Mynd 4. Yfirlitsteikning af minjum á „Kotinu“. Garðlagið sem grafið var í sumarið 2014 er númer 8 á mynd.


#### 4.1.1 Rannsókn 2013

Sumarið 2013 voru minjar á „Kotinu“ mældar upp og teknir voru borkjarnar í meintar skála- og fjóstóftir auk hringlaga gerðis. Niðurstöðurnar staðfestu að fyrst hefur verið búið þar á 10-11. öld og hefur bærinn verið aflagður fyrir gjóskufallið 1104. Ekki er víst hvort um er að ræða upphaflegt bæjarstaði Stafns eða hvort þarna er um annað býli að ræða. Yngstu tóftir á svæðinu eru fjárhús og hlöðutóft sem gæti verið 19. -20. aldar byggingar. Þær virðast reistar á eldri minjum sem kynnu þá að vera leifar kotsins sem að svæðið dregur nafn sitt af. Þó kann að vera að minjunum hafi verið gefið þetta nafn þó svo að þar hafi í raun aldrei verið kotbýli á seinni öldum.

#### 4.1.2 Rannsókn 2014

Sumarið 2014 voru tveir könnunarskurðir teknir í hringlaga slétt svæði neðst á tóftasvæðinu. Könnunarskurðirnir voru teknir til að skoða hvort hringlaga svæðið kynni að vera forn grafreitur en einnig var ætlunin að staðfesta aldur minjanna.


Skurður 1 var tekinn syðst og austast í gerðinu. Hann snéri u.þ.b austur-vestur. Skurður 2 var tekinn syðst í gerðið. Hann snéri norður-suður og var tekinn í gegn um gerðisvegginn og inn á sléttada svæðið. Ekki voru teknir fleiri skurðir þar sem tími var naumur.



Mynd 5. Teikning sem sýnir legu könnunarskurða.




## Skurður 1



Mynd 6. Yfirlitsteikning af jarðlögum í norðursniði skurðar 1.

Skurður 1 var 120cm langur, 50cm breiður og 33cm djúpur í vesturenda en 50cm djúpur í austurenda. Fá jarðlög voru greinanleg í skurðinum. Neðst í græsrotinni [1] var þunnt svart gjóskulag, líklega H1766. Undir græsrot [1] var einsleitt fokmoldarlag [2] sem var rofið af H1300. Neðst í laginu var H1104 gjóskan en hún lá beint ofan á rótuðu torflagi [3]. Þegar gjóskan hefur fallið hefur það verið á ójöfnur í landslagi. Torflagið [3] var um 40cm þykkt, jafnþykkt í skurðinum öllum. Lagið var rótaðra efst en aðeins lagskiptara neðan til. Neðst í torfinu voru svo dálitlar kola- og móöskuleifar. Torflagið lá beint ofan á jökulleir.

## Skurður 2



Mynd 7. Yfirlitsteikning af austursniði skurðar 2.

Skurður 2 lá norður-suður og var 190cm langur, 60cm breiður, 65cm djúpur í norðurenda en 85cm djúpur í suðurenda. Neðst í græsrot [1] í norðurenda skurðar var þunn lína af H1766 gjóskunni. Undir græsrot [1] var svo einsleitt fokmoldarlag [2] sem var skorið af H1300 gjóskunni. Neðst í fokmoldinni [2] lá svo H1104 þvert yfir skurðinn. Líkt og í skurði 1 þá lá gjóskan ofan á rótuðu torflagi sem var rótaðra efst en lagskiptara neðst. Lagið var nokkurn veginn jafn þykkt í skurðinum öllum en hækkaði eilítið í norðurenda þar sem að var náttúruleg

upphækkun í landinu. Undir torflaginu [3] var svo rótað moldarlag [4] sem í voru stórir flekkir af H3, möl og kolum. Neðst í rótaða laginu [4] var svo 3cm þykkt lagskipt kolalag með heilum kvistum af kolum. Í suðurenda virtist kolalagið verða þykkara. Ekki var grafið niður fyrir kolalagið nema vestast þar sem að var náttúrleg upphækkun í landi.

*Túlkun:*

Engin merki fundust um grafir í skurðunum tveimur. Hinsvegar var rótað torflag að því er virtist yfir svæðinu öllu sem virðist hafa verið lagt til að gera sléttan flöt innan garðs. Þess konar torflög hafa fundist í elstu kristnu grafreitunum en þar sem engar grafir fundust er ekkert hægt að fullyrða um þann möguleika. Undir torflaginu var nokkuð af kolum og brenndum beinum og ljóst að þarna hefur farið fram einhver vinnsla, e.t.v. kolagerð eða járnvinnsla. Sú vinnsla hefur svo verið hulin með áður nefndu torflagi. Þótt ekki væri hægt að staðfesta með vissu hvernig minjar um var að ræða var ljóst að staðurinn hefur ekki verið í notkun eftir að H1104 féll.

### 4.1.3 Hrappsá



Mynd 8. Horft út Deildardal frá Hrappsá. Fyrir miðri mynd er skálatóftin og er horft eftir henni endilangri til vesturs út dalinn.

Hrappsá var hjáleiga frá Skuggabjörgum, og stóð norður við samnefnda á í Deildardal vestan verðum, milli Skuggabjarga og Stafshóls. Óvíst er hversu stórt land hjáleigan hafði, annað en túnið, sem afmarkað er fornum túngarði.

Engar ritaðar heimildir hafa varðveist um tilvist Hrappsár fyrir 1831, nema þjóðsaga sem virðist eiga uppruna sinn til fyrstu alda Íslandsbyggðar. Þær sagnir var að finna í handritum frá árunum 1368 og 1428, sem eru því miður glötuð.<sup>4</sup> Ekki er minnst á Hrappsá í Jarðabókinni 1709 sem verður að teljast frekar óvanalegt en kann þó að eiga sér skýringu.<sup>5</sup> Skuggabjörg voru í eyði árið 1709 og því enginn ábúandi á jörðinni sem greint gat frá staðhátum. Hrappsá virðist hafa gleymst. Ferðabók Ólafs Olaviusar frá 1777 getur heldur ekki Hrappsár í upptalningu á eyðibólum í Hofshreppi. Býlið var í byggð frá 1831 og var þar búið með hléum til ársins 1872, að Hrappsá fór í eyði og hefur ekki byggst síðan. Hrappsár er getið neðanmáls í Jarðatali Johnsens frá 1847, en þar segir að prestur nefni hjáleiguna Hrappsá en aðrar upplýsingar um býlið séu ekki kunnar og því er það ekki í jarðatalinu sjálfu.<sup>6</sup>

Bæjarstæðið er skammt ofan við vegslóða (Deildardalsveg vestri) sem liggur milli Skuggabjarga og Stafshóls, fast framan við Hrappsárskriðuna.


<sup>4</sup> HSk. 403. fol. Örnefnalýsing úr Deildardal. Jón H. Árnason.

<sup>5</sup> JÁM X, bls. 20-210.

<sup>6</sup> Jarðatal Johnsens 1847, bls. 270.

Túnið er í litlum halla, vel gróið en þýft og hefur aldrei verið sléttað. Innan túngarðsins eru nokkrar glöggar tóftir frá búsetu á 19. öld en einnig mótar fyrir eldri tóftum.

#### 4.1.4 Rannsókn 2013




Mynd 9. Yfirlitsteikning af minjum á Hrappsá. 1. Túngarður reistur eftir 1104. 2. Skálatóft eldri en 1104. 3. Rétt eldri en 1104. 4. Rúst 19. aldar bæjarins. 5. Fjánhúskofi. 6. Eldri kofatóft undir fjárhúsi. 7. Fjánhús og hlaða frá seinustu búsetu. 8. Forn kofatóft. 9. Réttartóft jafn gömul túngarðinum.

Sumarið 2013 voru teknir borkjarnar og tvö rofsnið í túngarð teiknuð upp. Ljóst er að byggð hefur verið hafin á Hrappsá á 11. öld. e.t.v. fyrr, og voru skáli, rétt og hálfhringlaga garðlag elstu byggðamerki innan túns. Túngarðurinn bendir þó til að búið hafi verið á Hrappsá eftir 1104, e.t.v. allt til 14. aldar. Menjar um þá byggð liggja líklega undir 19. aldar byggðaleifunum. Ljóst er þó að bærinn hefur legið lengi í eyði áður en hann byggðist aftur í nokkra áratugi á 19. öld.

#### 4.1.5 Rannsókn 2014

Framhaldsrannsókn var framkvæmd á Hrappsá sumarið 2014. Alls voru teknir 6 litlir skurðir í hálf hringlaga gerði [11] nyrst í Hrappsártúninu. Garðlagið eða gerðið var um 16m langt frá norðri til suðurs en um 11m langt frá austri til vesturs en þá vantar inn vesturhluta garðsins sem hefur orðið undir grjótskriðu sem hlaupið hefur yfir vesturhluta túnsins. Á yfirborði virtist svæðið hafa verið sléttað og afmarkað af lágu garðlagi. Skurðirnir hinsvegar bentu til að þarna væri mjög grunnt niður á skriðumöl. Engin mannvirki komu fram í skurðum og snið því ekki teiknuð upp.



Mynd 10. Yfirlitsteikning af legu skurða í hringlaga gerði á Hrappsá.



Mynd 11. Skurður 1 – að ofan.



Mynd 12. Rauð sandsteinsperla sem fannst í rótuðu lagi í skurði 1.

#### Skurður 1:

Lengd: 68cm

Breidd: 30cm

Dýpt: 30cm

#### Lýsing

Á 11cm dýpi var H1104 gjóskan in situ. Neðan hennar var rótaður jarðvegur með torfi og dálitlu af kolum. Í torfrótinu fannst svo perla úr rauðum sandsteini. Á 30 cm dýpi var komið niður á H3 in situ. Rótaða torflagið lá beint ofan á H3 og var einna helst sem að mokað hafi verið niður á H3 þegar svæðið var sléttað.

**Skurður 2:**

Lengd: 70cm  
Breidd: 40cm  
Dýpt: 30cm

*Lýsing*

Jarðlög voru með svipupu sniði og í skurði 1. Rótað torflag með koladreif undir H11104. Komið niður á H3 beint undir rótaða laginu á 40cm dýpi.



Mynd 13. Skurður 2, tekið í vestur.

**Skurður 3:**

Lengd: 55cm  
Breidd: 50cm  
Dýpt: 40cm

*Lýsing*

H1104 var in situ á 18cm dýpi og um 15cm rótað torflag undir því. H3 óhreyfð á 40cm dýpi.



Mynd 14. Skurður 3, tekið í norður.

**Skurður 4:**

Lengd: 72cm  
Breidd: 60cm  
Dýpt: 40cm

*Lýsing*

H1104 var óhreyfð á 19cm dýpi. Rótaður jarðvegur með dálitlum kolum undir því niður á H3 sem lá á 40cm dýpi.



Mynd 15. Skurður 4, tekið í vestur.

**Skurður 5:**

Lengd: 1m  
Breidd: 70cm  
Dýpt: 15-60cm

*Lýsing*

H1104 lá in situ á 35cm dýpi og Landnámsgjóskan lá in situ á 59cm dýpi. Engin torflög voru í skurðinum en dálítið af kolum neðan við H1104.



*Mynd 16. Skurður 6, tekið að ofan.*

*Mynd 17. Til vinstri, austursnið í skurði 5.*

**Skurður 6:**

Lengd: 50cm

Breidd: 40cm

Dýpt: 20cm

*Lýsing*

Engin mannvist fannst í skurðinum en 20cm voru niður á H3 in situ.

*Túlkun*

Ummerki um mannvist voru öll frá því fyrir 1104 gjóskuna sem bendir til að svæðið hafi verið sléttað áður en gjóskan féll en þó var ekki ljóst við rannsóknina af hverju svæðið hefur verið sléttað. Garðlagið sem virtist umlykja svæðið hefur líklega komið til vegna uppmoksturs og sléttunar svæðisins Engin ummerki fundust um að þarna kynni að vera grafreitir.

## 5 RANNSÓKNIR Í UNADAL 2014

---



*Mynd 18. Fornar bæjartóftir undir 20. aldar fjárhústóft á Spáná. Kári Gunnarsson við borkjarnatöku. Ljósmynd. GZ.*

### 5.1 SPÁNÁ

Spáná er innsti bær í Unadal, norðan Unadalsár. Þar eru talsverðar bæjartóftir, enn mjög glöggar, og allmargar útihúsarústir víðsvegar í túni og utan þess. Vallargarður er öflugur ofan við túnið undir Spánárhólum, fremri hlutinn torfhláðinn en ytri hlutinn gerður úr grjóti og nær um hundrað metra niður á skriðugrundina. Túnið hefur verið talsvert stórt, á þurru mólendi og uppgrönu skriðufframhlaupi Spánárinnar, harðlent en greiðfært að hluta. Spáná fór í eyði 1921 og standa engin hús þar lengur. Jörðin er nú í eigu Upprekstrararfélags Unadalsafréttar og hluti af Unadalsafrétti.<sup>7</sup>

Spáná virðist löngum hafa verið í eyði á miðöldum. Ókunnugt er hvenær jörðin fyrst byggðist en Hólastóll sýnist hafa eignast landið á 15. öld. Jörðin kemur fyrst fram í skrá Stólsins 1525, þá talin með húsalausum eyðikotum<sup>8</sup>. Heimild greinir að Þorbergur Bessason, sýslumaður á Hofi hafði á miðri 16. öld Spáná á leigu frá Hólum og hafði þar í seli meðan hann hélt bú á Hofi.<sup>9</sup> Jörðin hefur byggst aftur á seinni hluta 17. aldar þar sem hún er talin í reikningum

---

<sup>7</sup> Veðmálaskrár nr. 4756.

<sup>8</sup> DI IX, bls. 302.

<sup>9</sup> Jarðabréf á Þjóðskjalasafni. 2 (72)B.



Hólastóls 1666 og í Jarðabókinni 1709 segir að hún hafi verið byggð úr auðn fyrir 40 árum, þ.e. laust fyrir 1670.<sup>10</sup>

Í Jarðabókinni 1709 er Spáná einungis metin til 6 hundraða og er lágt mat sem eflaust er til komið af landþrengslum og mikilli óhægd. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin sögð 6 hundruð en neðanmáls að hreppstjóri telji hana 8 hundruð.<sup>11</sup> Árið 1849 var „Spáná bóndaeign eftir núverandi dýrleika 8 hundruð.“<sup>12</sup> Árið 1861 var matið hækkað upp í 9.9 hundruð og árið 1922 var matið orðið kr. 1.700, jörðin þá komin í eyði og lögð undir afrétt.

### **5.1.1 Rannsókn 2013**

Sumarið 2013 var nokkur fjöldi borkjarna tekinn á Spánaá. Þar komu fram ummerki um byggð þegar á 11. öld, e.t.v. fyrr. Byggð kann að hafa lagst af þegar á 12. öld. Þó kann að hafa verið þarna einhver byggð, e.t.v. haft í seli eftir að byggð lagðist af á 12. öld en áður en þar var byggt aftur á 17. öld.

### **5.1.2 Rannsókn 2014**

Sumarið 2014 voru tóftir vestan heimatúns á Spánaá mældar upp og borkjarnar teknir á nokkrum stöðum. Tóftinar liggja í grónum árfarvegi um 230m suðvestur af 20. aldar bæjarstæði Spánár en um 160m suðvestur af elsta bæjarstæðinu sem lá undir fjárhúsleifum frá 20. öld. Spána hefur runnið bæði austan og vestan minjanna og eru þær að hluta til skemmdar vegna árinna.


Seltóftir [1] lágu á dálítilli upphækkun vestanvert á keilulaga grösugu svæði milli gamalla farvega Spánár. Áin rennur nú um 230m vestan tóftanna. Aðal tóftin var þrí- eða fjórskipt og voru veggir hennar nokkuð jarðsokknir og óljósir á kafla. Tóftaþyrpingin lá vnv-asa og var um 12m á lengd og 6m á breidd að utanmáli. Tvær aðrar tóftir sem tilheyra líklega selinu voru einnig mældar upp. Kofatóft [2] sem lá um 6m suður af seltóftinni. Kofinn virtist hafa verið tvískiptur, veggir voru þó nokkuð óljósir. Tóftin hefur verið 4x5m að utanmáli. Um 21m asa af seltóftunum voru leifar kvía [3] sem tilheyrt hafa selinu. Kvíarnar lágu nnv-asa og voru 7m langar og 3m breiðar. Inngangur hefur verið til suðurs. Grjóthlaðinn garður [7] lá á um 48m löngum kafla frá bakka sem Unadalsá hefur brotið um 60m sunnan seltóftanna og til nnv sunnan seltóftanna og kvíanna. Við kvíarnar hverfur garðurinn á um 9m kafla en verður svo aftur sýnilegur á um 10m löngum kafla norðaustan kvíanna. Ekki var hægt að sjá hvort að garðurinn hefur legið norður fyrir tóftirnar eða ekki. Grjótið virtist ekki nógu mikið til að hafa myndað skepnuheldan garð. Hann hefur því mögulega verið grjóthlaðinn neðan til en torfi ofan en einnig kann grjót úr garðinum að hafa verið notað til seinni tíma bygginga, e.t.v. selbygginganna. Norðan garðsins [7] og seltóftanna[1,2,3] voru svo leifar fjögurra mannvirkja. Leifar réttar [8] lágu 38m norðvestan seltóftanna. Réttin var um 7x9m að utanmáli, veggir hrundir og sokknir en dyr virðast hafa verið til suðurs. Óvíst er hvort réttin hefur tilheyrt seljabúskapnum eða Spánarbæ. Sjö metrum ofan réttarinnar [8] voru tóftir kofa [9] sem lá nnv-asa og hafa dyr vitað

---

<sup>10</sup> JÁM IX, bls. 247.

<sup>11</sup> Jarðabók Johnsen 1847, bls. 270.

<sup>12</sup> Jarðabók 1849 nr. 78.



frá selinu. 4. Tofuupphækkun undir seltoftunum. 5. Manngerð upphækkun. 6. Ruslahaugur eldri en seltóftirnar sem sjást á yfirborði. 7. Grjóthlaðinn garður, e.t.v. túngarður. 8. Fornleg rétt. 9. Kofatóft. 10. Kofatóft. 11. Seinni tíma fjárhúskofi.

veggja. Heildarstærð upphækkunarinnar undir seltóftunum var um 9x20m að utanmáli. Öskuhaugurinn [6] lá rétt um 4m sunnan við upphækkunina og, a.m.k. að hluta, undir kofatóft [2]. Borkjarnar teknir í upphækkunina og í öskuhauginn sýndu að nokkur tími hafði liðið á milli þess sem minjarnar lögðust af og H1104 gjóskan féll og minjarnar því a.m.k. frá 11. öld. Hversu löngu er þó erfitt að fullyrða en þessar elstu byggðaleifar kunna þó að vera allt frá 10. öld.

Hafi grjótveggurinn austan tóftanna verið túngarðsveggur sem tilheyrir hefur elstu mannvist á svæðinu þá er líklega um að ræða leifar býlis frá elstu tíð. Garðurinn hefði þá afmarkað túnstæði allt að 90x85m stórt, jafnvel stærra. Spáná og Unadalsá hafa hinsvegar rofið garðinn sunnanverðan og garð, tún og mögulega tóftir vestan seltóftanna. Ekki er hægt að fullyrða aldur garðsins þar ekkert torf var eftir í honum vegna jarðvegsrofs. Garðurinn hefur varla tilheyrir selinu en þau voru jafnan ógirt. Hafi hann hinsvegar verið yngri er augljóslega ekki um túngarð að ræða og hlutverk hans þá óþekkt.

til austurs. Um 20m ofan kofans [9] var tóft [10] sem var 4x6m að utanmáli, veggir nokkuð sokknir en dyr hafa vitað til austurs. Um 20m ofan tóftarinnar [10] var svo aflöng tóft [11] sem gæti verið yngsta tóftin á svæðinu. Tóftin lá n-s en austur langveggur tóftarinnar hefur horfið vegna jarðvegsrofs þegar Spáná hefur runnið í farvegi austan tóftanna. Tóftin hefur verið 7m löng og eftir henni endilangri lá annað hvort veggjahrun eða leifar grjóthlaðs garða. Tóftin virtist vera yngst tóftanna á svæðinu.

Borkjarnar sem teknir voru í vegg seltóftarinnar bentu til að veggirnir væru hlaðnir eftir að 1300 gjóskan féll. Hinsvegar lágu tóftirnar ofan á upphækkun sem reyndust vera leifar mannbústaðar [4] og öskuhaugs [6]. Engir veggir voru sjáanlegir í þessum elstu minjum en þúfnakragi sem lá vestan seltóftarinnar gæti hafa verið leifar




*Mynd 20. Horft til vesturs yfir seltóftir á áreyrum vestan heimatíns Spánár.*

Allar tóftirnar sem sýnilegar voru á yfirborði hafa verið grjóthlaðnar, a.m.k. að hluta en torf fannst einnig í veggjum seltóftarinnar. Þar sem seltóftirnar lágu var jarðvegsdýpt a.m.k. metri niður á skriðu en annars var fremur stutt niður á skriðugrjót á svæðinu sem kann að benda til að þarna hafi orðið nokkuð jarðvegsrof.

Tóftirnar ofan seltófta og garðs gætu mögulega hafa tilheyrt elstu byggð en einungis voru eftir grjóthleðslur í neðri hluta veggja. Þær voru allar hrundar og úr lagi gengnar og mögulegir torfveggir ekki greinanlegir. Það var því ekki hægt að aldursgreina þær nánar. Efsta (nyrsta) tóftin virtist þó yngri en aðrar tóftir á svæðinu. Grjótið í hleðslum var rúnnað og vatnssorfið og því ekki ýkja gott hleðslugrjót enda voru veggir allir mjög hrundir. Hafi tóftirnar verið hluti elstu byggðar á 10. -11. öld, hafa þær legið utan túngarðs. Þær kunna hinsvegar einnig að hafa tilheyrt selinu eða yngri byggð á eiginlegu bæjarstæði Spánár.

## 5.1.3 Bjarnastaðir



Mynd 21. Yfirlitsteikning af minjum á Bjarnastöðum. 1. Bæjarhóll og yngstu bæjarleifarnar. 2. Eldri túngarður. 3. Yngri túngarður. 4. Tóftir hesthúss og hlöðu. 5. Heimilisrétt utan túns. 6. Tóftahóll, líklega eldra bæjarstæði sem rétt hefur verið grafin ofan í. 7. Forn réttartóft. 8. Sléttað sporöskjulaga svæði sem könnunarskurðir voru teknir í 2014. 9. Tóftir af kvíum. 10. Tóftir af svokölluðu Ytra-Fjánhúsi. 11. Sundlaugargarður. 12. Kvíaból. 13. Fjánhús og hlaða suður á Gerði. 14. Kartöflugarður. 15. Eldri útihúsatóftir. 16. Tóftir svokallaðra Hlöðuhúsa.

Bjarnastaðir eru eyðibýli austan megin í Unadal í 140 metra hæð yfir sjávarmáli. Liggur land jarðarinnar milli Bjarnastaðaár og Tungufjalls að utan en Spánárdals og Spánárinnar að framan. Á jörðin land að Grundarlandi að utan, háfjalli að ofan, Spáná að innan og Unadalsá að neðan móts við Þönglaskálaselland og Bjarnastaðagerði.



*Mynd 22. Horft til vesturs yfir rannsóknarsvæðið 2014.*

Bjarnastaða er fyrst getið í heimildum 1449 en þá var jörðin komin í eigu Hólastóls. Býlið fór í eyði 1947 og öll hús eru þar löngu fallin. Jörðin var formlega lögð til afréttar 1961.<sup>13</sup>

#### **5.1.4 Rannsókn 2014**


Kjarnar voru teknir á nokkrum stöðum til að freista þess að finna hvort bærinn hafi alla tíð verið á sama stað. Kjarnar sem teknir voru í rústabungu sem lá undir seinni tíma réttartóft (nr. 6 á mynd 21) gáfu til kynna að þar kynni að vera mannbústaður a.m.k. frá 11. öld, líklega allt frá landnámsöld. Um 30m norðaustur af elsta bæjarstæðinu var flati neðst í brekku um 16x14m að ummáli. Þessi sléttada flöt var eini staðurinn sem líklegur var til að geta verið kirkjugarður en mögulegt er að ef kirkja og garður hafa verið á Bjarnastöðum í frumkristni kunni þær minjar að liggja í bæjarhólnum undir 20. aldar bæjartóftunum.

Þrjú könnunarskurðir voru teknir í flötina sem er 50m ofan og norðan yngstu bæjartófta á Bjarnastöðum. Svæðið hafði augljóslega verið sléttað og virtist garðlag liggja umhverfis flötina sem var 16m frá austri til vesturs og 12m frá norðri til suðurs. Þrjú könnunarskurðir voru teknir á svæðinu. Engar vísbendingar fundust um að þarna væri um grafreit að ræða en ljóst var að þarna væru tölverðar mannvistarleifar í jörðu.

---

<sup>13</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VII bindi, bls. 281.

Skurður 1



Mynd 23. Yfirlitsteikning af jarðlögum í austursniði skurðar 2.


**Skurður 1**

Skurðurinn var tekinn í suðurhluta svæðis og var hann 100cm langur, 50cm breiður og 58cm djúpur í norðurenda en 43cm djúpur í suðurenda. Neðst í grasrót [1] var þunn svört gjóskulína, H1766. Undir grasrót [1] var, að því er virtist, einsleitt fokmoldarlag [2]. Það var skorið af H1104. Gjóskan lá um 4-7cm ofan við 20cm þykkt rótað torflag [3] sem í voru linsur af landnámslaginu. Undir torfinu var svo grjóthleðsla í vegg, undirstaða undir torfvegg. Rótað torf var yfir grjóthleðslunni en H1104 hefur lagst yfir hrúnið torfið úr veggnum. Veggurinn virðist hafa hrúnið til austurs.

**Skurður 2**



Mynd 24. Yfirlitsteikning af norður skammsniði skurðar 2.




Mynd 25. Yfirlitsteikning sem sýnir legu könnunarskurða.

svo 3ja cm þykkt óhreyft moldarlag [4] ofan á 30cm þykku rótuðu torflagi [5] með stórum flekkjum af H3, linsum af landnámslaginu og dálitlu af kolum. Í botni skurðar á 50cm dýpi kom fram um 2ja cm þykkt kolalag.

Skurðurinn var tekinn austast á svæðinu og var hann 80cm langur, 50cm breiður og 56cm djúpur í norður enda en 40cm í suður enda. Undir grasrót og yfirborðsjarðvegi [1] á 15cm dýpi neðst í óhreyfðu fokmoldarlagi [2] lá H1300 gjóskan *in situ*. Undir *in situ* H1300 var svo 6cm þykkt fokmoldarlag [3] sem í var dálítill koladreif. Þá var þunn lína af H1104 *in situ*. Undir 1104 gjóskunni var 5cm þykkt einsleitt moldarlag [3]. Neðst í því lagi var svo þunnt dökkt gjóskulag líklega Vj~1000. Undir 1000 laginu var

### Skurður 3

Skurðurinn var tekinn fyrir miðju svæði, hann lá norður-suður var 110cm á lengd, 40cm breiður og 53cm djúpur í norður enda en 56cm í suður enda. Undir grasrót [1] voru fokmoldarlög [2] sem í lágu gjóskulögin H1300 og H1104. Um 5cm þykkt fokmoldarlag lá milli H1104 og rótaðs torflags [3]. Um var að ræða rauðleitt mýrartorf með flekkjum af H3 og landnámslaginu. Torflagið var um 40cm þykkt eftir öllum skurðinum. Gæti verið einhverskonar sléttunarlag en virtist of jafnþykkt til að gera verið hrun úr torfvegg. Steinar voru í botni skurðar syðst og stór steinn í torflaginu [3].



Mynd 26. Yfirlitsteikning sem sýnir jarðlög í vestursniði

### Túlkun:

Byggð á Bjarnastöðum hefur líklega hafist á 9.-10. öld. Ekki var hægt að fullyrða hvaða starfsemi hefur farið fram á svæðinu en henni hefur allavega verið hætt nokkru fyrir 1000. Í fornum kirkjugörðum sem skoðaðir hafa verið í Skagafirði eru oft þykk torflög sett í garðana til að slétta yfirborð þeirra. Torflagið gæti hafa verið samskonar sléttunarlag en engin merki fundust um grafir. Ljóst var þó að svæðið hefur verið umgirt torfgarði sem hefur verið fallinn 1104. Niðurstöður rannsókna benda því til að byggð hafi hafist um fimm hundruð árum áður en bæjarins er getið í fyrstu ritheimildum.

### 5.1.5 Ljósstaðir/Lambaréttir



*Mynd 27. Flugmynd sem sýnir garðlögin í Lambaréttum. Horft til austurs. Eins og sjá má er vestari hluti gerðisins, nær á mynd sunnan þvergarðs, mun betur varðveittur enda hefur sá hluti verið lengur í notkun. Austari hlutinn var illa farinn vegna uppfoks. Ljósm. Hjalti Pálsson.*

Lambaréttir eru á norðurbakka Hofsár í landi Ljósstaða á Höfðaströnd. Garðlögin afmarka svæði norðan árinna sem er 175m langt frá vestri til austurs og 80m frá norðri til suðurs. Svæðinu er skipt í tvennt með þvergarði og er afgirti hlutinn austan hans mjög uppblásinn og illa farinn. Í afmarkaða hólfinu vestan þvergarðsins voru tóftir a.m.k. fjögurra rétta frá ýmsum tímum. Sagnir herma að um 1880 hafði þarna verið reist lambarétt sem tók um 300 lömb og þar hafi fráfarulömb frá nokkrum bæjum verið setin sameiginlega um fráfarurnar þar til þau voru rekin til afréttar.<sup>14</sup>

#### *Túlkun*

Kjarnar sem teknir voru í garðlög og eina réttanna benda til að mannvirkin séu reist eftir 1104 en engin gjóska yfir þannig að ekki er hægt að fullyrða um efri aldursmörk. Hluti minjanna lítur út fyrir að geta verið frá seinni hluta 19. aldar. Garðlögin eru þó mun eldri, e.t.v. sem nemur nokkur hundruð árum. Engin merki um mannvist fundust í kjörnum.

---

<sup>14</sup> Byggðgasaga Skagafjarðar VII, bls. 308.



### 5.1.6 Eyjólfsgerði

Eyjólfsgerði (einnig nefnt Stekkur) er í landi Ár í Unadal. Um 1875 á að hafa búið þar karl, Eyjólfur að nafni<sup>15</sup> en á gerðinu eru þó einnig eldri minjar, túngarður og tóftaupphækkjanir. Þær tóftir sem gleggstar eru á yfirborði eru allar frá seinni öldum, stekkur og fjárhúskofar.



Mynd 28. Horft til suðurs yfir minjar á Eyjólfsgerði. Eyðibýlið Á í baksýn.



Mynd 29. Yfirlitsteikning af Eyjólfsgerði. 1. Túngarður. 2. Rétt áföst og jafn gömul túngarði. 3. Stekkjartóft byggð ofan á eldri minjum. 4. Fjárhústóft. 5. Hringlaga niðurgroftur, e.t.v. kolagröf. 6. Yngri fjárhústóft.

Niðurstöður borkjarnanna sýndu að túngarðurinn hefur verið byggður eftir 1104 og eldri hluti hans var eldri en 1300. Garðurinn virðist hafa verið gildaður upp og hefur þá grjóti verið hlaðið upp að honum neðan til.


Koladreif fannst undir H1300 og hefur verið einhverskonar starfsemi eða búseta þarna fyrir þann tíma. Engin gólflög með mannvistarlögum fundust í tóftum. Óvíst hvort þarna hefur verið mannvist.

#### Túlkun

Túngarður byggður eftir 1104 og í notkun fyrir 1300. E.t.v. endurbyggður eftir 1300 og gildaður upp með grjóti. Einhver starfsemi hefur verið á gerðinu fyrir 1300 en ekki hægt að sýna fram á byggð með óyggjandi hætti.

<sup>15</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VII, bls. 302.

## 6 RANNSÓKNIR Á HÖFÐASTRÖND 2014



Mynd 30. Kort sem sýnir legu minja í landi Höfða og Bæjar á Höfðaströnd.

### 6.1 HÖFÐAKOT (HÖFÐAGERÐI/HÖFÐASTEKKUR)


Höfðakot var hjáleiga sunnan við Höfðaá, í landi Höfða á Höfðaströnd. Hún var í byggð fram til 1703 en hafði verið sjö ár í eyði við ritun jarðabókar 1709. Búið var á Höfðakoti á 19. öld og var býlið þá einnig kallað Höfðastekkur. Höfðakot fór endanlega í eyði 1884 og hefur verið í eyði síðan. Þar er nú sumarbústaður.<sup>16</sup>

Leifar seinni alda byggðarinnar er umhverfis og í nágrenni sumarbústaðarins en mikil og forn garðlög og tóftir eru í móanum sunnan yngri minjanna. Þessum minjum fylgja engar sagnir en líklegt er að þarna sé hið upphaflega Höfðagerði og að Höfðakot hafi að hluta verið reist á leifum þess.

Höfðakot/Höfðagerði liggur sunnan Höfðaár um 220m upp, austur af þjóðvegi. Um er að ræða virkjamikil garðlög og tóftir frá ýmsum tímaseiðum. Garður liggur frá Höfðaá á um 340m löngum kafla til suðurs þar sem garðurinn beygir til ssv og sést þar á um 100m löngum kafla. Garðurinn er nokkuð stöndugur, allt að 1.5m á hæð en þó víða jarðsokkinn og vaxinn lyngi


<sup>16</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VII, bls. 468-470.

sunnan til. Kjarnar sýndu að garðurinn hefur verið byggður eftir 1104, eða allavega endurhlaðinn eftir þann tíma. Hann er eldri en 1300.



*Mynd 31. Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu Eldri og yngri minja á Höfðagerði. Minjar sem merktar eru með dökkum lit eru eldri.*

Tóftir býlisins Höfðakots liggja nyrst á svæðinu innan garðs. Bæjartóftin er vestust tóftanna. Hún var greinilega á nokkurri upphækkun sem virtist manngerð en allsstaðar sem reynt var að bora í og við tóftina var komið niður á steina og því ekki hægt að ákvarða það frekar. Á einum stað sunnan bæjartóftarinnar var hægt að taka kjarna og í honum voru merki um mannvist fyrir 1300. Í nágrenni bæjartóftarinnar eru nokkrar útihúsatóftir sem líklega eru samtíða þeim.



Mynd 32. 1: Höfðagerði/ vísbendingar um byggð fyrir 1300. 2: Útihús frá Höfðagerði. 3: Stekkur. 4: Sumarbústaður. 5: Haugur Höfða Þórðar. 6: Möguleg kuml. 7: Túngarður – eftir 1104 fyrir 1300. 8: Traðir. 9: Fornar útihúsatóftir og réttir eftir 1104, fyrir 1300.

Syðst innan túngarðins voru leifar fjögurra jarðsokkinna en þó nokkuð glöggra tófta auk tveggja óljósari tófta. Öll mannvirkin hafa verið reist eftir 1104 þar sem að gjóskan var í nokkrum lögum í torfi en hafa verið aflagðar nokkru áður en 1300 gjóskan féll. Engin merki fundust um mannvist í kjörnum sem teknir voru í tóftirnar né heldur greinanleg gólflög. Það kann því að vera að einungis sé um að ræða hús fyrir skepnur og réttir.


Suður endi garðsins, umhverfis Höfðagerði, kemur í annan garð sem liggur frá þjóðvegi í boga til austurs á um 670m löngum kafla og hefur legið niður á austurbakka Höfðavatns. Ekki sáust merki bæjar innan þess garðs en hinsvegar er mýrlendi og í því miklar mógrafir og yngri tóftir sem mór hefur verið þurrkaður á. Tilgangur garðsins er því óþekktur. Garðurinn var skoðaður 2007 þegar lögð var hitaveitulögn að Hofsósi. Hann reyndist að stofni til eldri en 1104 en hefur verið endurhlaðinn eftir að H1104 gjóskan féll.

### Túlkun

Höfðagerði hefur verið í byggð eftir 1104 en aflagt fyrir 1300. Engin ummerki mannbústaðar fundust í tóftunum syðst innan túngarðs. Bæjarhúsin sem tilheyrðu túngarðinum hafa líklega verið nyrst á svæðinu þar sem býlið Höfðakot var síðar. Syðri garðurinn hefur verið hlaðinn fyrir 1104 og svo endurhlaðinn. Óvíst er hvort hann hafi umlukið býli en hann virðist eldri en garðurinn umhverfis Höfðagerði sem hefur verið hlaðinn upp að honum. Hann hefur þá

mögulega verið hlaðinn að hluta upp eftir 1104 þegar yngri var reistur. Höfðagerði hefur verið komið í eyði fyrir gjóskufallið 1300.

**Höfðagerði í landi Höfða, Höfðaströnd**  
Sniðteikning í túngarðsvegg - austursnið  
Teikning: GZ




Mynd 33. Teikning af sniði í garð sem að túngarðurinn á Höfðagerði liggur upp að. Garðlagið er um 650m langt og liggur í boga til suðurs frá Höfðagerði. Þegar hitaveita var lögð í Hofsóss 2007 var teiknað upp snið þar sem hitaveituskurðurinn lá í gegn um garðlagið. Áður óbirt rannsóknargögn úr vettvangsferð frá 28.06.2007.

## 6.2 HÚSANES/RÉTTARNES Í ÞÓRÐARHÖFÐA



Mynd 34. Flugmynd sem sýnir tóftir á Húsanesi/Réttarnesi. Eins og glögggt má sjá er hluti tóftanna horfinn vegna landrofs og staðurinn í mikilli hættu. Ljós. Hjalti Pálsson.



Mynd 35. Yfirlitsteikning af minjum á Húsanesi. 1. Eldri óleggri tóft. 2. Tóft af rétt sem er að hluta hforin fyrir bakka. 3. Beitarhús. 4. Rústaupphækkun. 5. Gata. 6 Lág gærðlag eða uppmokstur e.t.v. undan girðingu.

Norðaustur horn Þórðarhöfða heitir Húsanes. Nesið er í landi Höfða á Höfðaströnd. Þarna voru beitarhús og rétt sem voru í notkun á 20. öld en þar eru einnig leifar eldri tóftar. Fleiri tóftarleifar hafa líklega verið á svæðinu en þarna hefur orðið mikið landbrot og er hluti tóftasvæðisins horfinn eða við að hverfa fyrir sjávarbakka.

Kjarni var tekinn í eldri tóftina og var ljóst að hún hefur verið reist eftir 1104 en engin efri mörk voru greinanleg. Dátlítil móaska var í kjarnanum sem staðfestir að þarna hafi menn á einhverjum tíma hafst við. Þó fundust engin merki um lengri búsetu. Vera kann að þarna hafi verið sjóbúðir en svæðið er orðið illa farið af sjógangi og erfitt að fullyrða hversu margar tóftir hafi verið þarna upphaflega


### 6.3 ÞRÆLSGERÐI Í ÞÓRÐARHÖFÐA



Mynd 36. Flugmynd sem sýnir garðlög og tóftir við Gerðisvík. Yngri beitarhúsatóft er ljósari á lit en umhverfið en einnig má sjá eldri tóftir hægra megin við hana. Beitarhúsin hafa verið reist ofan á eldri mannvirkjum. Ljósni. Hjalti Pálsson.

Í landi Bæjar á Höfðaströnd, upp af svokallaðri Gerðisvík fyrir miðri austurströnd Þórðarhöfða, eru forn garðlög og tóftir fornbylis. Minjarnar ganga undir heitinu Þrælsgerði (Þrælagerði/Gerði). Þessi nafngift er augljóslega seinni tíma útskýring en heiti býlisins er óþekkt og engar heimildir til um það. Býlið liggur frammi á rofbakka ofan víkurinnar og hluti túngarðs fremst á rofbakka ofan fjörunnar og í nokkurri hættu vegna landrofs. Reyndar má greina leifar tveggja túngarða en býlið virðist hafa verið flutt eða endurbyggt, a.m.k. einu sinni.

Frammi á brekkubrún ofan fjöru á nesinu norðan víkurinnar, eru leifar seinni tíma úthúsa [6], fjárhúss og kofatóftar. Um 50m norðvestan tóftanna á nesinu liggur bogadregið garðlag [2] um 160m að lengd upp í brekkuna til vesturs og svo í suðurátt að víkinni. Annað samskonar garðlag [1] liggur í boga upp frá víkinni, upp brekku og til suðurs ofan tófta [4-5] sem liggja efst á dálitlum stalli í brekkunni innan garðsins. Yngri garðurinn er 280m langur og liggur einnig endilangt eftir brekkubrún ofan víkurinnar og myndar tún eða gerði um 123m langt frá



Mynd 37. Yfirlitsteikning sem sýnir legu minja við Gerðisvík. 1. Yngri túngarður. 2. Eldri túngarður. 3. Forn tóft, e.t.v. útihúsatóft. 4. Seinni tíma beitarhús. 5. Tóftir frá því fyrir 1104. 6. Eldri kofatóft og yngri útihúsatóft.

norðaustri til suðvesturs og 76m frá norðvestri til suðausturs. Garðlagið er fornlegt og virðist liggja yfir áður nefnt bogadregið garðlag [2]. Garðbútur, um 40m langur liggur frá norðri til suðurs innan syðra garðslagsins [1], er líklega hluti nyrðra garðslagsins [2] sem virðist þá hafa legið neðan við eldri tóftirnar.

Þrjár tóftir eru innan garðlaganna tveggja. Eldri og yngri tóftir eru á stalli ofanvert (vestan) í brekkunni innan gerðisins. Greinilegastar eru tóftir yngra beitarhúss og/eða réttar [4]. Tóftin liggur norður-suður, alls 32m löng og skiptist hún í a.m.k. 5 hólf, tvö stærri hólfanna hafa líklega verið fjárhús og svo þrjú smærri hólf, etv. heytóftir. Tóftin virtist

standa á dálítilli upphækkun sem bendir til að eldri mannvistarleifar séað finna undir henni. Um 16m norðvestan beitarhúsanna er fornlegri tóft [5] sem liggur austur-vestur, um 8m löng og 5m breið algróin lyngi. Fast vestan og sunnan tóftarinnar [5] var ógleggri veggir byggingar sem hefur legið að hluta undir tóft [5] og hefur því sama númer. Hún hefur um 12m á lengd frá vestri til austurs en 6m frá norðri til suðurs.

Borkjarnar voru teknir úr báðum túngörðum og í gólf tófta innan þeirra. Nyrðri garðurinn [2] og tóft [3] innan hans virtust eldri en gjóskan frá 1104 engin merki um endurbyggingu eftir það. Þau mannvirki eru því líklega frá 10.-11. öld. „Yngri“ garðurinn [1] virtist upphaflega verið reistur fyrir 1104 en einnig gildaður upp eftir 1104. Innan hans voru merki um mannbústað sem hefur verið aflagður 1104, auk yngri tóftar sem einnig var eldri en 1104. Beitarhúsin liggja ofan á eldri minjum. Öll mannvirkin nema beitarhúsatótin lágu undir H1300 gjóskunni.

#### Túlkun

Túnstæðið hefur verið flutt til suðurs og annar túngarður reistur áður en 1104 gjóskan féll. „Þrælsgerðið“ hefur verið í byggð á 10.- 11. öld og mögulega eitthvað fram á 12. öld.



## 6.4 ÞRASTARSTAÐIR



Mynd 38. Horft til suðurs yfir austurhluta gamla túnsins á Prastarstöðum. Talið var að grafreitirinn væri á sléttuð svæðinu hægra megin túngarðsins fyrir miðri mynd þar sem moldarflagið er. Ljós. Guðný Zoëga.

Á Prastarstöðum á Höfðaströnd segir jarðabók frá 1709 að hafi að fornu verið hálfkirkja en aðrar heimildir eru ekki til um kirkju þar. Sögusagnir eru um að sunnanvert í ávölum hrygg sem túngarðurinn liggur eftir hafi kirkjugarðurinn verið og þar sést fyrir leiðum.<sup>17</sup> Þar sem að kirkjugarðurinn á að hafa verið voru á yfirborði leifar yngri útihúsa og nokkuð rask en ekkert á yfirborði benti til að gæti verið kirkjugarður. Sléttuð svæðið var þó sporöskjulaga en erfitt að gera sér grein fyrir hvort það hefur verið umgirt garði.

Teknir voru nokkrir kjarnar á svæðinu. Kjarnarnir sýndu að svæðið sem um ræddi var mjög rótað og var komið niður á grjót á um 50cm dýpi í þeim öllum. Þó komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1104 og í einum kjarna kom fram um 40cm þykkt torflag. Ekki var hægt að staðfesta að þarna væri kirkjugarður en ljós merki um byggð fyrir 1100. Það lengir nokkuð sögu bæjarins sem kemur fyrst fram í heimildum frá 15. öld.<sup>18</sup>

---

<sup>17</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VII, bls. 350.

<sup>18</sup> Byggðasaga Skagafjarðar VII, bls. 347.

## 6.5 FLATATUNGA Á KJÁLKA



Mynd 39. Rannsóknarsvæðið í Flatatungu sumarið 2014. Eldra íbúðarhúsið í baksýn. Vinstra megin við við húsið á myndinni eru leifar bæjarstæðisins þar sem það var fram á 20. öld.

